



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-12
105 Reykjavík

Reykjavík 24. júlí 2025
2025070253

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 906/2025 í skipulagsgátt, Kjalarnes, Sætún II (Smábýli 15). Skipulagslýsing

Vísað er til máls nr. 906/2025 í skipulagsgátt, Kjalarnes, Sætún II (Smábýli 15). Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER gagnrýnir að ekki eru nægjanlega skýrar upplýsingar í skipulagslýsingu um fyrirhugaða stækkun á alifuglabúinu. Talað er um að stærð búsins muni ekki ná hefðbundnum skilgreiningum um að vera þauleldisbú sem skv. lýsingunni miðast við 60.000 stæði fyrir varphænur og 85.000 stæði fyrir kjúklinga. HER vill taka fram að þessi stærðarmörk sem þarna eru tilgreind eru ekki til afmörkunar á hvað teljist þauleldi heldur eru þetta viðmið fyrir þá stærð alifuglabúa sem skulu sæta mati á umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skilgreiningin á þauleldi þessi: „Framleiðslukerfi þar sem dýr eru ræktuð innandyrá og fóðruð á tilbúnu fóðri og þar sem þörf er á tíðri lyfjagjöf til að hafa stjórn á sjúkdómum sem eru stöðug ógn við þessar aðstæður“. Í gr. 5.3.2.13 í sömu reglugerð segir ennfreður: „Þegar um þauleldi er að ræða, skal gera grein fyrir áætluðum fjölda dýra, meðferða úrgangs og fjarlægð til aðliggjandi byggðar“. Þú að því tagi sem fjallað er um í skipulagslýsinu falla undir reglugerðarskilgreiningu á þauleldi og ætti því að vera fjallað um alla þessa þætti í lýsingu og skipulagsskilmálum.

Kröfur um fjarlægð alifuglabúa frá nærliggjandi íbúðarhúsum byggir á fjölda stæða fyrir fugla sbr. reglugerð nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína. Í 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Sveitarstjórn ákveður í skipulagsáætlun fjarlægð milli eldihúsa. Þegar um er að ræða nýbyggingu eldihúsa, meiriháttar breytingar eða stækkanir á þeim og breytta notkun í eldihús, sem valdið geta auknum óþægindum, ber að ákveða, í samræmi við grein þessa, fjarlægðir þeirra við mannabústaði, útivistarsvæði, vinnustaði eða svæði sem afmörkuð hafa verið fyrir framangreinda notkun í aðalskipulagi eða með byggingarreitum í deiliskipulagi. Sveitarstjórn skal ákvarða fjarlægðir með hliðsjón af hugsanlegum umhverfisáhrifum og mega fjarlægðir aldrei vera minni en sem hér segir:



Eldi alifugla:

100 m fyrir bú ætluð fyrir fleiri en 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 stæði fyrir hænur.

50 m fyrir bú ætluð fyrir 40.000 til 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 40.000 til 60.000 stæði fyrir hænur“.

Taka þarf afstöðu til þess hvort notast eigi við lágmarksfjarlægðir í reglugerð eða hvort gera eigi ríkari kröfur til fjarlægðar. Þar sem ekki liggur fyrir í skipulagslýsingu hvar nýtt alifuglahús mun rísa né nákvæm stærð þá er erfitt að leggja dóm á hvort lágmarksfjarlægð við íbúðarhús náist né hver hún er. Bæta þarf úr öllu ofangreindu við gerð deiliskipulagsins.

HER vill einnig benda á að fram þarf að koma hvað skuli vera gert við úrgang frá búinu. Sé fyrirhugað að dreifa úrgangi á staðnum þarf að fjalla um umhverfisáhrif þess. Eigi að flytja úrgang á brott þarf að taka það fram sérstaklega. Skv. reglugerð nr. 804/199 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri ber alifuglabúum að hafa hauggeymslu sem rúmar a.m.k. 6 mánaða haug. Eigi slík hauggeymsla að vera til staðar þarf að gera grein fyrir henni í skipulagi.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri